

Söfnun með endurgreiddu iðgjaldi

Viðauki skilmála váttryggingar

1. gr. Skilgreiningar

Endurgreitt iðgjald	Markmið við upphaf samnings er að inneign við lok hans verði sem næst samanlögðu greiddu iðgjaldi.
Söfnunarleið	Val félagsins á sjóðum þess.
Lágmarks váttryggingarfjárhæð	101% af inneign.
Verðgildi einingar	Er heildarverðmæti sjóðsins deilt með fjölda eininga.
Samningstími	Er tímabilið frá útgáfudegi skírteinis til loka samnings.
Inneign	Heildarverðmæti eininga.
Frítrygging	Ef váttryggingartaki hættir með reglulegan sparnað, þá eru seldar einingar til að viðhalda tryggingunni þar til einingarnar eru uppnar, en þá fellur tryggingin niður.
Kaupdagur	Sá dagur sem keyptar eru einingar eftir að innborgun berst félaginu.
Kaupgengi	Félagið kaupir einingar af váttryggingartaka við innlausn á kaupgengi.
Sölugengi	Félagið selur váttryggingartaka einingar við innborgun á sölugengi.

2. gr. Almenn ákvæði

Um váttryggingu þessa gilda eftirfarandi váttryggingarskilmálar, ákvæði sem skráð eru á skírteinið og lög nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga og lög nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Einnig geta átt við lög um opinber gjöld og skattlagningu. Eftir því sem við getur átt gilda skilmálar þeirrar váttryggingar sem þessir skilmálar eru viðauki við, enda sé það skráð á skírteini. Sé fjallað um sömu atriði í váttryggingarskilmála og þessum viðaukaskilmála, gildir þessi skilmáli. Undirrituð umsókn um váttryggingu þessa og önnur gögn sem tengjast töku hennar eða endurnýjun eru hluti váttryggingarsamningsins. Ákvæði um iðgjaldafrelsi í sjúkdómtryggingu gilda ekki um váttryggingu þessa.

3. gr. Fjárfestingaráhætta

Söfnunartrygging þessi er einingatengd trygging þar sem váttryggingartaki tekur að öllu leyti eigin áhættu á söfnun sinni og gefur félagið engin loforð um ávöxtun hennar.

4. gr. Endurkaupsverð og frítrygging

Váttryggingartaki sem hættir innborgun á samningstímanum, hefur rétt á að fá greidda inneign sína (endurkaupsverð) og/eða rétt á að breyta í frítryggingu samkvæmt gjaldskrá félagsins.

5. gr. Iðgjaldagreiðslur

Iðgjöld tryggingarinnar greiðast með reglubundnum hætti á samningstímanum eins og um er getið í tryggingarskírteininu. Iðgjöld skulu greiðast með þeim hætti sem umsókn kveður á um, nema samið sé um annað fyrirkomulag síðar.

Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag, sem váttryggingarskírteinið er gefið út. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á þeim dögum sem skírteinið tilgreinir. Berist iðgjaldsgreiðsla ekki innan 15 daga frá gjalddaga gilda eftirfarandi ákvæði:

- Ef enginn sparnaður hefur myndast fellur ábyrgð félagsins niður.
- Ef sparnaður hefur myndast breytist tryggingin í frítryggingu skv. skilgreiningu í 1. grein.

Samningur um trygginguna tekur gildi að nýju þegar iðgjald hefur verið greitt, enda hafi váttryggður ekki orðið fyrir váttryggingaratburði sem skilgreindur er í váttryggingarskilmálum þeirrar tryggingar sem skilmálar þessir eru viðauki við og ekki liðnir þrjú mánuðir frá fyrsta ógreidda gjalddaga. Skulu þá öll ógreidd iðgjöld tryggingarinnar greidd.

6. gr. Ráðstöfun iðgjalda

Félagið selur váttryggingartaka einingar í söfnunarleið eftir að innborgun berst félaginu.

7. gr. Breytingar á samningi

- Váttryggður getur gert breytingar á innborgunum og verndinni á samningstímanum samkvæmt gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.
- Váttryggður getur óskað eftir því að greiða ekki iðgjöld í eitt tímabil að hámarki ómáan. á hverjum fimm árum frá upphafsdegi samningsins, þó ekki fyrr en tveim árum eftir upphafsdag. Breytingar á samningi taka gildi á næsta kaupdegi eftir að umsókn um breytingu hefur borist félaginu.

8. gr. Útborgun váttryggingarfjárhæðar

Við lok samningstíma váttryggingarinnar fellur váttryggingin úr gildi og inneign er laus til útborgunar.

Reyni á váttrygginguna sem þessi trygging er viðauki við, greiðist váttryggingarfjárhæðin, en hún er það sem hærra er, valin váttryggingarfjárhæð eða lágmarksváttryggingarfjárhæð. Við útborgun váttryggingarfjárhæðar fellur váttryggingin úr gildi.

9. gr. Verðtryggingarákvæði

Gildandi váttryggingarfjárhæð kemur fram á tryggingarskírteininu og á endurnýjunarkvittunum. Iðgjald váttryggingar sem þessir skilmálar eru viðauki við hækkar í janúar ár hvert í samræmi við iðgjaldatöflu félagsins. Í janúar ár hvert breytist váttryggingarfjárhæðin og iðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs.

10. gr. Veðsetning

Heimilt er að veðsetja söfnunartryggingu þessa að undangenginni skráningu hjá félaginu.

Skilmálar nr. ES128 Gilda frá og með 02.09.2002

1. gr. Samningurinn

Grundvöllur sjúkdómatryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á umsóknareyðublaðinu og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar hafi ábyrgð félagsins fallið niður eða takmarkast og þess óskað að tryggingin taki gildi aftur. Ef rangar upplýsingar hafa verið gefnar, eða leynt hefur verið upplýsingum sem kynnu að hafa breytt áhættumati félagsins fer um ábyrgð félagsins eftir ákvæðum laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

2. gr. Gildistaka

Ábyrgð félagsins hefst þegar félagið hefur samþykkt útfyllta og undirritaða umsókn með öðrum nauðsynlegum upplýsingum og vottorðum. Semja má um annan gildistökuáttíma.

3. gr. Iðgjaldagreiðslur

Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga. Síðari iðgjöld sem eru greidd innan 15 daga frá gjalddaga teljast greidd á réttum tíma.

Verði fyrsta iðgjald eigi greitt á gjalddaga eða síðari iðgjöld innan 15 daga frá gjalddaga fellur ábyrgð félagsins niður, enda hafi iðgjalds verið krafist. Ábyrgð félagsins hefst að nýju þegar iðgjald hefur verið greitt, enda sé váttryggður þá á lífi, hafi ekki orðið fyrir váttryggingaratburði, sbr. skilgreiningu í 5. gr., og ekki liðnir þrír mánuðir frá gjalddaga. Samningurinn fellur úr gildi, ef iðgjald hefur ekki verið greitt þremur mánuðum eftir gjalddaga.

4. gr. Bótasvið

Váttryggingarfjárhæðin greiðist ef váttryggingaratburður samkvæmt 5. gr. ber að höndum á váttryggingartímanum. Sjálfstæð Sjúkdómatrygging er eingreiðsluváttrygging og við greiðslu bóta fellur váttryggingin úr gildi.

5. gr. Váttryggingaratburður og skilgreiningar

Váttryggingaratburður telst einungis verða, ef váttryggður greinist með einhvern eftirtalinna sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða, sem taldar eru upp, verður fyrir útlímamissi, blindu eða hlýtur alvarleg brunasár samkvæmt nánari skilgreiningu hér á eftir:

Hjartaáfall/Kransæðastífla

Drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ónógs blóðflæðis. Greiningin verður að byggja á því að þrjú eftirtalin einkenni séu öll til staðar:

- Dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir),
- nýjar breytingar á hjartalínuriti og
- hækkun á hjartaensímum.

Hjartaskurðaðgerð

Váttryggður gengst undir hjartaskurðaðgerð til að laga lokugalla eða aðra byggingargalla.

Kransæðauppskurður

Hjartaskurðaðgerð vegna þrængsla eða stíflu í einni eða fleiri kransæðum með hjáveituaðgerð í einstaklingum með slæma hjartakveisu en tekur ekki til aðgerða eins og blástursaðgerða eða leysigislameðferða.

Meginslagæðar/Ósæðar aðgerð

Váttryggður gengst undir skurðaðgerð til að laga þrængsli, rof eða æðagúlp (flýsugúlp) á meginslagæði í brjóst- eða kviðarholi.

Heilaáfall/Slag

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en í sólarhring og felur í sér drep í heilavef, blæðingu og blóðrek. Skilyrði er einkenni varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.

Krabbamein

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja og ífarandi fruma. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði), en undanskilur staðbundið krabbamein (ekki ífarandi), æxli sem koma hjá sjúklingum með ónæmisbæklun og öll húðkrabbamein nema ífarandi illkynja sortuæxli.

Góðkynja heilaæxli

Heilaæxli sem ekki eru illkynja. Undanskilin eru blöðrur, hnúðar (granulomas), heilahimnuæxli (meningiomas), seilaræxli (chordomas), æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum, heilamar og æxli í heiladingli eða mænu.

MS

Ótvíræð sjúkdómsgreining taugasérfræðings þarf að liggja fyrir um að viðkomandi hafi fengið fleiri en eitt kast með ótvíræðum einkennum sjúkdómsins og hann verði staðfestur með nútíma rannsóknartækni eins og segulómum.

MND

MND greindur af taugasérfræðingi.

Meiriháttar líffæraflutningar

Váttryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, hjarta og lunga, lífur, briskirtli, nýra eða beinmerg.

Nýrnabilun

Lokastig nýrnasjúkdóms, vegna hvaða orsaka sem er, þegar váttryggður gengst reglulega undir himnuskiljun eða blóðskiljun eða hefur fengið nýrnaígræðslu.

Alzheimer

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Alzheimer, fyrir sextíu ára aldur váttryggðs, með viðeigandi rannsóknnum, athugunum og mati á sjúkdómseinkennum.

Parkinsons

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Parkinsons af óþekktum uppruna, fyrir sextíu ára aldur váttryggðs.

Alvarleg brunasár

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama váttryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára.

Útlímamissir

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlima ofan úlnliðs eða ökkliðs.

Blinda

Alger og varanlegur missir sjónar á báðum augum, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

6. gr. Sjúkdómatrygging barna

Ef barn váttryggðs, 3ja mánaða til 18 ára gamalt, verður á váttryggingartímanum fyrir váttryggingaratburði, sem skilgreindur er í 5.

gr., greiðir félagið fimmtíu af hundraði (50%) váttryggingarfjárhæðar Sjúkdómtryggingar samkvæmt því sem nánar greinir í 4. mgr. 7. gr. Bætur eru ekki greiddar vegna váttryggingaratburða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint, til ástands barnsins fyrir töku váttryggingarinnar. Um ættleidd börn gildir, að félagið er ekki bótaskyldt, ef hægt er að rekja orsakir váttryggingaratburða til sjúkdómsástands, sem barnið var haldið áður en það var ættleitt. Ennfremur eru bætur

Bætur greiðast vegna eigin barna váttryggðs. Einnig greiðast bætur vegna fósturbarna og stjúp barna, enda búi fósturbörn eða stjúp börn á sama lögheimili og váttryggður. Gilda þá einnig fyrirvarar 2. málslíðar 2. málsgreinar auk 3. málsgreinar eftir því sem við á.

7. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Aðrir atburðir en þeir váttryggingaratburðir sem taldir eru upp sem bótaskyldir í 5. gr. eru ekki bótaskyldir samkvæmt váttryggingu þessari.

EKKI eru greiddar bætur vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðunum eftir töku váttryggingarinnar. Bætur úr váttryggingu þessari greiðast váttryggðum vegna hans sjálfs aðeins einu sinni. Bætur úr Sjúkdómtryggingu barna greiðast einnig aðeins einu sinni fyrir hvert barn.

Hámark bóta úr Sjúkdómtryggingu barna vegna hvers barns er kr. 7.000.000,-. Ef bætur greiðast úr fleiri en einni Sjúkdómtryggingu, greiðast aldrei hærri bætur en nemur þeirri váttryggingarfjárhæð Sjúkdómtryggingar, sem tilgreind er í því váttryggingarskírteini sem hefur að geyma hæstu sjúkdómtryggingarfjárhæðina. Bætur greiðast þá váttryggðum hlutfallslega eftir váttryggingarfjárhæð Sjúkdómtryggingar hvers skírteinis. Ef fleiri en eitt váttryggingarskírteini er skráð á nafn eins og sama váttryggingartaka skal, þegar hæsta váttryggingarfjárhæð er fundin út skv. 2. ml., leggja saman fjárhæðir í öllum skírteinum sem á hann eru skráð.

Bætur eru ekki greiddar vegna andláts og skilyrði fyrir bótageiðslu er að váttryggður lifi a.m.k. í 30 daga frá því váttryggingaratburður gerðist.

8. gr. Breyting váttryggingarfjárhæðar og iðgjalds Gildandi

váttryggingarfjárhæð kemur fram á skírteini og endurnýjunarkvittunum. Fram til 55 ára aldurs váttryggðs hækkar iðgjaldið á aðalgjaldsdaga ár hvert í samræmi við iðgjaldatöflu félagsins. Frá og með 56 ára aldri lækkar váttryggingarfjárhæðin á aðalgjaldsdaga ár hvert og miðast lækkunin við að iðgjald haldist óbreytt að raunvirði.

Á aðalgjaldsdaga, ár hvert, breytast váttryggingarfjárhæðin og iðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá útgáfumánuði. Undirliggjandi vísitala er vísitala neysliverðs útgefin í mánuðinum á undan útgáfumánuði/aðalgjaldsdaga.

Lækki vísitalan hefur það hvorki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæð né iðgjald.

Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldatöflu félagsins ef almenn áhættuaukning verður eða tjónareynsla verður verulega meiri en ætlað var í tæknilegum grundvelli váttryggingarinnar.

ekki greiddar vegna aðgerða sem framkvæmdar eru á aldrinum 3ja mánaða til 18 ára ef greining sem leiddi til aðgerðar var fyrir 3ja mánaða aldur.

Greiðsla bóta úr Sjúkdómtryggingu barna hefur ekki áhrif á Sjúkdómtryggingu váttryggðs.

Skilyrði fyrir bótaskyldu er að barnið lifi a.m.k. í 30 daga frá váttryggingaratburði, sem leiðir til bótaskyldu skv. 1. mgr..

Sjálfstæð Sjúkdómtrygging gildir frá útgáfudegi og endurnýjast til loka þess samningstíma sem valinn var og tiltekinn í skírteini, þó ekki lengur en til 70 ára aldurs váttryggðs.

10. gr. Réttur til hækkunar váttryggingarfjárhæðar án yfirlýsingar um heilsufar

Ef iðgjald fyrir Sjúkdómtryggingu er ákveðið án aukaiðgjalds getur váttryggður sótt skriflega um hækkun á

11. gr. Hvar váttryggingin gildir váttryggingarfjárhæðinni án frekari upplýsinga um heilsufar sitt innan þriggja mánaða frá því annað hvort eftirgreindra atvika á sér stað:

- Váttryggður eignast barn á váttryggingartímanum eða
- váttryggður ættleiðir barn á váttryggingartímanum sem er yngra en 18 ára.

Hámarkshækkun váttryggingarfjárhæðar er 25% fjárhæðarinnar, en þó að hámarki kr. 2.000.000,- fyrir hvert barn og aðeins er hægt að nýta þennan rétt fyrir fjögur börn.

Þessi réttur fellur þó niður við 45 ára aldur váttryggðs.

Við hækkun váttryggingarfjárhæðarinnar hækkar iðgjald váttryggðs samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins.

Hækkunin tekur gildi á næsta aðalgjaldsdaga eftir að öll skilyrði hafa verið uppfyllt.

EKKI er hægt að nýta þennan rétt þegar tilkall hefur verið gert til bóta samkvæmt 5. grein, eða ef váttryggingaratburð hefur borið að höndum sbr. 5. grein.

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

12. gr. Réttihafar og bótageiðslur

Réttihafi er váttryggður.

Bætur greiðast innan fjórtán daga frá því að skrifstofu félagsins berast fullnægjandi gögn sem staðfesta greiðsluskyldu félagsins.

13. gr. Iðgjaldafrelsi

Váttryggður getur skriflega óskað eftir niðurfellingu ógreiddra iðgjalda váttryggingarinnar ef váttryggður, vegna slyss eða sjúkdóms á váttryggingartímanum, sem ekki er bótaskyldt samkvæmt 5. grein þessara skilmála, missir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar.

Beiðninni þurfa að fylgja nauðsynleg gögn til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu.

Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni váttryggðs til að gegna starfi sínu og möguleika til annarra starfa. Iðgjaldafrelsi veitist þó ekki til lengri tíma en eins árs aftur í tímann, áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu.

16. gr. Endurkaup og lán

Iðgjaldafrelsi hefst sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn átti sér stað og varir meðan hann er til staðar, en þó ekki lengur en til 65 ára aldurs váttryggðs eða loka samningstímans ef hann er fyrr.

Á meðan váttryggður nýtur iðgjaldafrelsis ber honum að láta félaginu í té nauðsynlegar heilsufarsupplýsingar auk annarra gagna og fara í lækni skoðanir eins oft og þurfa þykir, á kostnað félagsins.

Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

14. gr. Bónus

Váttryggingartaki hefur rétt til hlutdeildar í bónus eftir reglum félagsins.

15. gr. Fyrningu bótakrafna

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 20/1954 um váttryggingasamninga.

Trygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu.

Til upplýsingar

Váttryggður getur, að loknu fyrsta ári í tryggingu, sagt tryggingunni upp skriflega mánuði fyrir aðalgjaldþaga. Váttryggður hefur 30 daga frest til að segja tryggingunni upp eftir að hún tók gildi.

Eftirtaldir aðilar hafa með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála, er rísa kunna af váttryggingu þessari: Tjónanefnd váttryggingarfélaganna og Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir að engu leyti rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi. Nánari upplýsingar veitir starfsfólk félagsins.

Skilmálar nr. AC130.

Gilda frá og með 02.09.2002.